

## Fundur 14

### Skólaráð Þjósárskóla

Fundur haldinn mánudaginn 7.okt. 2013 í Þjósárskóla kl. 15:30.

Mættir eru: Bolette Höeg Koch skólastjóri , Árdís Jónsdóttir og Bente Hansen fulltrúar kennara, Hrafnhildur Ágústsdóttir fulltrúi starfsmanna og Ásmundur Lárusson fulltrúi foreldra. Bergssveinn V. Ásmundsson og Sigurlinn M. Sigurðardóttir fulltrúar nemendur. Ari Einarsson fulltrúi nærsamfélagsins.

#### Þetta var gert.

1. **Heilsueflandi skóli.** Bente fór yfir verkefni sem unnið hefur verið að í haust. Gönguferð í tilefni Dags Íslenskrar náttúru féll niður vegna veðurs, en farið var með 5. – 7. bekk út að Laugarvatni á íþróttamót. Á haustönn verður sérstaklega fjallað um nemendur en á vorönn nærsamfélagið. Ræddar hugmyndir um hvað gera skal á haustönn og voru fulltrúar nemenda beðnir um að hugsa málið og ræða við bekkjarfélaga sína.
2. **Starfsáætlun skólans 2013-2014.** Starfsáætlunin var send skólaráði í tölvupósti þannig að fólk gat verið búíð að kynna sér hana. Skólastjóri fór yfir starfsáætlunina og nefndi sérstaklega það sem breyst hefur frá fyrri árum. Þá rakti Bolette hugmyndir um starfsemi þegar Skólaskrifstofan verður lögð niður um áramót. Allt er það fremur óljóst eins og stendur. Á borðinu lá sýnishorn af upplýsingabæklingi sem verið er að vinna og var hann skoðaður, leist fólki vel á þessa tilraun. Spurt var um hversu stór skólalóðin væri í raun og veru, því var svarað. Starfsáætlunin var síðan samþykkt .
3. **Almenni hluti skólanámskrár 2013-2014.** Bolette fór yfir helstu atriði almenna hluta skólanámskrárinnar og útskýrði ýmislegt, t.d. þróunarverkefni. Palggið samþykkt.
4. **Önnur mál.** Bolette stakk uppá að hafa skólaráðsfund aftur í nóvember og þá yrði farið yfir það sem við óskum eftir að verði keypt á næsta ári. Nú eru komnar tvær spjaldtölvur og voru þær skoðaðar.

Fundi slitið klukkan 16:18

Bente Hansen

Ásmundur Lárusson

Árdís Jónsdóttir

Ari Einarsson

Bolette Höeg Koch

Hrafnhildur Ágústsdóttir

Sigurlinn M. Sigurðardóttir

Bergsveinn V. Ásmundsson